

**Sp.**

## **99. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á hæstarjettarlögunum.

Frá sparnaðarnefndinni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um að fækka dómendum í Hæstarjetti um tvo.
2. Að málaflutningur við Hæstarjett verði skriflegur og hæstarjettarritaraembættið lagt niður.
3. Að veita ekki þau dómaraembætti í Hæstarjetti, er losna kunna meðan þessar breytingar eru á döfinni.

### **Ástæður.**

Heimflutningur æðsta dómsvaldsins í íslenskum málum var hinu unga íslenska ríki meðal annars metnaðarmál og tilfinningamál. Rjettur þess til heimflutningsins var viðurkendur með sambandslögunum. Hvort það dróst ári lengur eða skemur, að vjer notuðum þennan rjett vorn, skifti minnu. Hitt skifti miklu meiru, að vanda sem best til þessarar veglegu og þýðingarmiklu stofnunar og sníða hana svo eftir högum vorum, að sem fylst trygging væri fyrir rjettarvernd einstaklinga þjóðfjelagsins.

Hinn æðsti dómstóll vor innanlands, landsyfrrjetturinn, var orðinn hartnær 120 ára gamall, er Hæstirjettur var stofnaður. Hann var allajafna skipaður hinum bestu lögfræðingum, er vól var á, sem flestir höfðu mikla dómaraareynslu. Þótt hann væri ekki skipaður nema þremur dómendum, var aldrei nein veruleg óánægja með þá mannfæð eða að dómur hans yfirleitt væru ekki vel úr garði gerðir. Málskotum til hæstarjettar, einkum upp á síðkastið, mun og fremur hafa farið fækkandi en fjölgandi.

Síðustu 3 árin af æfi landsyfrrjettarins dæmdi hann að meðaltali 67 mál. Fáum, ef þá nokkrum manni, mun hafa komið til hugar að telja þetta ofverk eða ofmikið starf fyrir þennan þriggja manna dómstól.

Þegar Hæstirjettur tekur til starfa, bregður svo undarlega við, að málskot til hans fækka meira en um helming. Árið 1920 dæmir hann 29 einkamál og

5 opinber mál, og 1921 23 einkamál og 3 opinber mál, eða alls á þessum árum, síðan hann tók til starfa, 60 mál. Það er að meðaltali 37 málum færri en hjá landsyfrrjettinum þrjú síðustu árin, sem hann stóð.

Engum mun koma til hugar að kenna vantrausti á hinum nýja rjetti þessa stórkostlegu lækkun, og það því síður sem hann er skipaður fimm ágætum lögfræðingum og þaulreyndum dómurum, og þar af öllum þremur dómurum landsyfrrjettarins.

Orsökina til þessarar fækkunar hlýtur því að liggja annarsstaðar. Flestir, og það jafnvel sumir hæstarjettardómendanna sjálfra, sem mest er að marka í þessu máli, telja orsökina þá breytingu, sem gerð var með hæstarjettarlögunum á málaflutningi við rjettinn, munnlegur málfutningur í stað skriflegs. Auk þess sem þessi breyting hafði það í för með sér, að skipa varð nýtt embætti við rjettinn, hæstarjettarritaraembættið, veldur hún áfrýjendum mála til hans gífurlegum kostnaði, sem er ofvaxinn öllum þorra landsmanna.

Þetta væri nú samt sök sér, ef þessi munnlegi málaflutningur veitti meiri trygging fyrir rjettlátum dómsúrslitum en skriflegi málfutningurinn gamli, sem jafnan hefir tíðkast við landsyfrrjettinn, en um það eru mjög skiftar skoðanir. Lágtaxti málaflutningsmanna við landsyfrrjettinn mun hafa verið 75 kr., en nú er hann 300 kr., eða fjórfalt hærri. Þessi gífurlega hækkun mun mestmegnis stafa af því, hve málfutningsstarfið er miklu erfiðara og vandasamara en áður en þessi breyting komst á. Þessi hlið málsins snýr beint að einstaklingum þjóðarinnar. Dómsvaldið á að vera hin öruggasta vernd og varnarmúr hinna helgustu rjettinda einstaklingsins; þess vegna skiftir það svo afarmiklu, að fátækur sem ríkur geti notið þessarar verndar og kostnaðurinn við að leita rjettar síns sje sem mest að unt er miðaður við efni og ástæður þjóðarinnar. Á þetta atriði ber meira að líta en útlendar fyrirmyndir.

Um það verður að visu ekkert fullyrt, hve bráður sparnaður kann að verða af tillögum nefndarinnar, þótt þær nái fram að ganga. Nefndin fer heldur ekki fram á annað en að ríkisstjórnin taki þessi atriði til nákvæmrar íhugunar og undirbúnings undir meðferð næsta Alþingis, og telur sjálfgefið, að hún leiti álits þeirra manna, sem hjer eiga einkum hlut að máli, hæstarjettar og málaflutningsmanna hans. En eins og nú er ástatt, verður nefndin að leggja mjög mikla áherslu á sparnaðinn, að óskertum öllum tryggingum fyrir góðu rjettarfari í landinu.